

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 124/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2002 frá 32. maí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/100/EB frá 7. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/116/EB frá 20. desember 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(3)</sup>, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 32, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):

„- **32001 L 0116:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/116/EB frá 20. desember 2001 (Stjtið. EB L 18, 21.1.2002, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 32.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 18, 21.1.2002, bls. 1.

2. Í aðlögunarlið d) í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) komi orðin „47. lið“ í stað orðanna „37. lið“.
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE):  
„- **32001 L 0100:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/100/EB (Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32).“

*2. gr.*

Texti tilskipana 2001/100/EB og 2001/116/EB, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB frá 19.4.2002, bls. 32 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.